



# Vestfjarðavegur 1. Áfangi Framkvæmdaleyfi

Bæjarstjórn Vesturbyggðar hefur samþykkt veitingu framkvæmdaleyfis vegna uppbyggingar 1. áfanga Vestfjarðavegar á um 5,7 km leið um Dynjandisheiði um Penningsdal ofan við Pennuá og upp fyrir Þverdalsvatn.

Framkvæmdaleyfið er gefið út á grundvelli mats á umhverfisáhrifum og framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018.

Matsskýrslu framkvæmdarinnar ásamt viðaukum, umsögnum sérfræðinga og álit Skipulagsstofnunnar um mat á umhverfisáhrifum frá 3. júlí 2020 er að finna á eftirfarandi vefslóð:

<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1554/201907024-Dynjandishei%C3%B0i-%C3%81lit.pdf> .

Vakin er athygli á því að niðurstaða sveitarstjórnar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar.

Óskar Örn Gunnarsson Skipulagsfulltrúi.